

BRÁÐABIRGÐALÖG**um verðjöfnunargjald af raforku.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess, að ákveða með bráðabirgðalögum verðjöfnunargjald af raforku á tímabilinu 1. janúar 1979 til 31. desember s. á.

Ákvæði um verðjöfnunargjald af raforku voru fyrst sett með lögum nr. 83/1974, og voru þau upphaflega sett til þess að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, og eftir stofnun Orkubús Vestfjarða á s.l. ári, jafnframt til þess að styrkja fjárhag þess. Gjaldinu hefur verið skipt þannig, að 80% renna til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Í áðurgreindum lögum var verðjöfnunargjaldið sett til eins árs og hafa lögin síðan verið endurnýjuð árlega.

Frumvarp um verðjöfnunargjald þetta var lagt fram á Alþingi 14. þ. m., en ekki vannst tími til þess að afgreiða það fyrir jólaleyfi þingmanna. Á Alþingi kom ekki fram ágreiningur um framlengingu gjaldsins í óbreyttu formi.

Í frumvarpinu var verðjöfnunargjaldið 19% en í þessum bráðabirgðalögum er það 13% svo sem það hefur verið.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur: 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.